

FUNDARGERÐ ÁRSFUNDAR 2012
Haldinn að Nordica Hilton Reykjavík
miðvikudaginn 25. apríl 2012 kl. 17:00

Dagskrá ársfundar:

1. Fundarsetning.
2. Skipan fundarstjóra og fundarritara.
3. Skýrsla stjórnar.
4. Kynning ársreiknings.
5. Fjárfestingarstefna
- markaðir og verðbréfaeign.
6. Tryggingafræðileg úttekt.
7. Störf endurskoðunarnefndar.
8. Skýrsla Úttektarnefndar Landssamtaka lífeyrissjóða.
9. Tillögur stjórnar til breytinga á samþykktum.
10. Kosning/skipan stjórnar.
11. Ákvörðun launa stjórnarmanna.
12. Kjör endurskoðanda.
13. Önnur mál

1. Fundarsetning

Vilhjálmur Egilsson stjórnarformaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Vilhjálmur gerði tillögu um Magnús Norðdahl hrl. sem fundarstjóra sem var samþykkt samhljóða.

2. Skipan fundarstjóra og fundarritara

Magnús Norðdahl tók við fundarstjórn og gerði grein fyrir lögmæti fundarins og upplýsti að hann hefði kannað boðun fundarins og áskildar auglýsingar og úrskurðaði hann löglegan þar sem rétt hefði verið til hans boðað. Magnús gekk til dagskrár og gerði tillögu um Bjarneyju Sigurðardóttur sem fundarritara sem var samþykkt samhljóða. Magnús gerði að tillögu sinni að liðir nr. 3 til 7 á dagskránni yrðu teknir fyrir samhliða og síðan teknir saman til umræðu eftir umfjöllun þeirra. Það var samþykkt. Því næst gaf fundarstjóri Vilhjálmur Egilssyni orðið.

3. Skýrsla stjórnar

Vilhjálmur Egilsson stjórnarformaður flutti skýrslu stjórnar.

Í upphafi máls síns leit Vilhjálmur yfir farinn veg. Hann gat þess að lífeyriskerfið hafi notið ríkulega góðærisins 2003-2007 líkt og aðrir hér á landi og gat þeirra réttindahækkana sem það hafði í för með sér fyrir Gildi- lífeyrissjóð en síðan eftir hrunið hafi þurft að skerða réttindin í sama hlutfalli. Vilhjálmur telur því að Gildi hafi staðið af sér hrunið og að markmiðið með verðtryggðum lífeyri hafa náðst sem hann segir vera grundvallarmarkmið lífeyrissjóðanna á Íslandi. Hann benti á að réttindin í Gildi hafi fylgt vísitölu neysluverðs frá stofnun sjóðsins.

Haldnir voru 29 stjórnarfundir í Gildi 2011. Vilhjálmur segir stærstu verkefni síðasta árs hafa snúið að fjárfestingum og vinnu við að efla innri starfsemi sjóðsins ásamt samstarfi við VIRK starfsendurhæfingarsjóð. Mikill tími stjórnarmanna fór einnig í undirbúning fyrir hæfismat hjá Fjármálaeftirlitinu. Mikilar breytingar urðu á stjórninni á síðasta ársfundi en 5 nýir stjórnarmenn

komu inn í stjórnina og einn varamaður starfaði nánast allt árið í fjarveru aðalmanns sem var frá vegna veikinda.

Vilhjálmur vék því næst að stöðunni á hlutabréfamarkaðnum sem hann sagði vera í hægfara þróun eftir hrunið. Hann sagði mikilvægt fyrir allt samfélagið að hlutabréfamarkaðurinn eflist á ný á ábyrgan hátt og sagði að læra þyrfti af mistökunum og leggja áherslu á fagmennsku, metnað og ábyrgð. Stjórn Gildis fylgist vel með hvernig markaðurinn þróast og að mörgu er að hyggja. Vilhjálmur gerði grein fyrir hlut Gildis í Framtakssjóði Íslands en Gildi kom að uppbyggingu sjóðsins og á nú um 10% hlut í sjóðnum. Gildi hefur hagnast vel á hlut sínum í FSÍ en hagnaðurinn var rúmlega milljarður á árinu 2011. Gildi hefur einnig fjárfest á árinu í félögum sem eru á leið á hlutabréfamarkað s.s. Högum, Sjóvá og Jarðvarma og bendir Vilhjálmur á að lífeyrissjóðirnir séu meðfjárfestar í þessum fjárfestingum og þannig hluti af stórrí heild. Vegna gjaldeyrishaftanna er erfitt að fjárfesta í erlendum félögum og eina leiðin sem í raun er opin er að sjóðirnir standi við skuldbindingar sínar gagnvart Framtakssjóðum (Private Equity).

Vilhjálmur benti á að allar fjárfestingar sjóðsins miðist við að finna góða fjárfestingarkosti þar sem sjóðurinn nái hámarksávöxtun miðað við áhættu hverju sinni. Farið hefur verið inn á ný svið í skuldabréfakaupum s.s. af sveitarfélögum, hjúkrunarheimilum og fyrirtækjum.

Vilhjálmur vék því næst að hruninu og segir stærsta lærdóminn sem sjóðurinn dró af því hafa verið að allt of mikið var látið undan þeirri gagnrýni sem var á rekstrarkostnað sjóðsins og ekki hafi verið gætt nægilega vel að því að efla eigna- og áhættustýringu. Sjóðurinn hafi á þessum tíma reitt sig á utanaðkomandi ráðgjöf og minni tíma varið í að skoða einstök mál innahúss eins og hefði þurft að gera. Vilhjálmur telur mjög mikilvægt að hægt sé að veða og meta þá fjárfestingarkosti sem í boði eru og einnig að fylgjast vel með þeirri áhættu sem fylgir eignum sjóðsins. Því hefur síðustu misseri verið lögð á það áhersla að efla eigna- og áhættustýringu sjóðsins og starfsmönnum fjölgað úr 3 í 6 og telur Vilhjálmur að Gildi sé nú í forystu í lífeyriskerfi landsins varðandi eigna- og áhættustýringu. Þá gerði Vilhjálmur grein fyrir samskipta- og siðareglum Gildis sem hann sagði mjög mikilvægar fyrir sjóðinn og þær væru sífellt í endurskoðun. Einnig sagði hann sjóðinn hafa mjög metnaðarfulla og virka endurskoðunarnefnd sem hafi unnið mjög gott og þarft starf fyrir sjóðinn.

Allir aðalmenn í stjórn Gildis hafa farið í hæfismat hjá Fjármálaeftirlitinu og staðist prófið og sagði Vilhjálmur undibúning og vinnu við hæfismatið hafa verið mun meiri en menn hafi búist við í upphafi en hafi skilað sér vel og stjórnarmenn séu nú öruggari og öflugri í sínu starfi.

Vilhjálmur gerði grein fyrir örorkumálum Gildis og hve þung byrði hún er á sjóðnum en skv. tryggingafræðilegri úttekt er hún með því hæsta sem þekkist hjá lífeyrissjóðunum. Það er því mikilvægt fyrir sjóðinn að vel takist til í samstarfinu við VIRK starfsendurhæfingarsjóð þar sem verið er að koma til móts við sjóðfélaga með raunhæfum hætti og um leið að lækka örorkulíkur til framtíðar. Vilhjálmur sagði þetta mikið samfélagsmál og á erfiðum tímum fjölgi þeim sem fara inn á örorku og það sé mjög mikilvægt fyrir þá einstaklinga sem í hlut eiga að geta aftur orðið virkir á vinnumarkaði. Vilhjálmur segir Gildi vera leiðandi í samstarfinu með VIRK og því séu lagðar fram breytingar á samþykktum sjóðsins með tilliti til þessa samstarfs.

Í ársreikningi sjóðsins er nú í fyrsta sinn kafli um stjórn málaáhættu. Vilhjálmur segir að þar sé gerð grein fyrir því að Gildi geti stafað hætta af breytingum á lögum og reglum sem rýra hugsanlega réttindi sjóðfélaga og stjórn sjóðsins hafi þótt ástæða til að fjalla sérstaklega um í reikningum sjóðsins.

Vilhjálmur gat þess að stjórn Gildis hafi leitast við að bæta ytra starf sjóðsins með upplýsingastreymi til sjóðfélaga. Haldnir voru sjóðfélaga- og fulltrúaráðsfundir þar sem farið var yfir reksturinn og horfur framundan. Þá benti Vilhjálmur á að stjórnin hafi lesið skýrslu Úttektarnefndar með mikilli athygli og gat þess að það væri samfellt viðfangsefni stjórnarinnar og starfsfólks sjóðsins að velta sífellt fyrir sér hvað hægt væri að gera betur.

Vilhjálmur kom í lokin inn á það að aðilar vinnumarkaðarins hafi verið frumkvöðlar í uppbyggingu lífeyriskerfisins í landinu á krepputímum eftir hvarf síldarinnar. Menn sáu þá mikilvægi þess að byggja upp sparnað og um leið fjárfestingarmöguleika sem var mikil framsýni á þeim tíma. Aðalmarkmiðin í starfi og uppbyggingu sjóðanna voru og eru að hugsa um velferð og hagsmuni þeirra sem eiga réttindi í sjóðunum. Vilhjálmur segir að aðilar vinnumarkaðarins hafi í gegnum tíðina unnið að þessu verkefni af miklum metnaði og mikilli ábyrgð og geti verið mjög stoltir af lífeyrissjóðakerfinu í dag. Vilhjálmur telur vera mikla samheldni og mikinn samhug meðal þeirra sem eru að vinna að lífeyrismálum í dag og segist vera afar stoltur af Gildi-lífeyrissjóði eftir sex ára stjórnarstarf. Hann gat þess að í Gildi starfi gott starfsfólk og góðir stjórnarmenn sem mikið hafi mætt á þegar Gildi stóð af sér hrúnið. Það er árangurinn sem skiptir máli fyrir þá sem eiga réttindi í sjóðnum og Gildi vill vinna með fagmennsku að leiðarljósi sagði Vilhjálmur að lokum.

4. Kynning ársreiknings

Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri gerði grein fyrir reikningum sjóðsins

Árni hóf mál sitt á því að hann færi yfir helstu niðurstöður ársreikningsins, þá þætti sem skipta mestu máli í afkomu sjóðsins og niðurstöðum reikningsins. Hrein eign sjóðsins jókst um 24,3 milljarða á árinu 2011 og eignirnar voru 265,4 milljarðar í árslok. Fjárfestingartekjur voru jákvæðar um 20,3 milljarða á árinu. Nafnávöxtun samtryggingardeildar var 8,3% og hrein raunávöxtun var 2,7% en hrein meðalraunávöxtun sl. 10 ár er einnig 2,7%. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum var 0,11%, fjöldi virkra sjóðfélaga 26.203 og fjöldi lífeyrisþega tæplega 18 þúsund sem er fjölgun um rúmlega 4% á milli ára. Árni sýndi mynd af samanburði við aðra sambærilega sjóði, raunávöxtun ársins ásamt 5 og 10 ára meðaltali og einnig sýndi hann þróun raunávöxtunar Gildis sl. 10 ár á súluriti. Árni gerði því næst grein fyrir ávöxtun einstakra eignaflokka.

Gjaldmiðlasamningarnir hafa verið á dagskrá ársfunda frá hrúni en Gildi gerði samninga við alla stóru bankana til að draga úr áhættu og sveiflum í ávöxtun á erlendum verðbréfum. Gildi hefur verið í samningaviðræðum við slitastjórnir bankanna frá hrúni og á síðasta ári náðist samkomulag við Landsbankann og var gengið frá samningi við hann nokkurn veginn í samræmi við það sem áður var bókfært hjá Gildi. Í mars 2012 náðist síðan samkomulag við slitastjórn Glitnis um uppgjör á samningum við þá og er niðurstaðan í því samkomulagi mun hagstæðari fyrir Gildi en gert var ráð fyrir í bókum sjóðsins. Ekki hefur enn náðst samkomulag við Kaupþing, en þar er ágreiningur um skuldajöfnun og var því færð varúðarfærsla vegna skuldabréfa á Kaupþing í reikninginn. Í árslok 2010 voru 5,2 milljarðar færðir til skuldar í ársreikningunum sem varúðarfærsla vegna gjaldmiðlasamninga en í árslok 2011 var þessi tala 2,9 milljarðar sem tekur mið af samningnum við Landsbankann, breyttum forsendum gagnvart Glitni og lægri skuldajöfnun gagnvart Kaupþingi.

5. Fjárfestingarstefna – markaðir og verðbréfaeign

Davíð Rúdólfsson forstöðumaður eignastýringar gerði grein fyrir fjárfestingarstefnu, mörkuðum og verðbréfaeign.

Davíð Rúdólfsson tók því næst til máls og vék að málum markaðarins, eignum sjóðsins og fjárfestingarstefnu hans. Davíð sagði að á árinu 2011 hafi framboð á fjárfestingarkostum aukist þó nokkuð frá því sem verið hefur undanfarin ár. Þessar jákvæðu breytingar hafi einkum komið fram frá miðju ári 2011 sem bendi til þess að uppbygging markaðarins hér innanlands sé eitthvað að taka við sér. Þrátt fyrir þessa jákvæðu þróun og að ýmsir fjárfestingarkostir standi til boða í dag eru hins vegar fáir skráðir kostir í boði t.d. í hlutabréfum og skuldabréfum fyrirtækja og aðeins eitt félag, Hagar, sem hefur bæst við í kauphöllina eftir hrúni. Davíð sagði uppbyggingu innlands verðbréfamarkaðar mikilvæga fyrir lífeyrissjóðina. Sú uppbygging væri þó ekki síður mikilvæg forsenda fyrir afnámi gjaldeyrishaftanna, þ.e. upp á að binda fé innlendra og erlendra fjárfesta með arðbærum og eftirsóttum fjárfestingartækifærum.

Davíð gat þess að veiking krónunnar, hækkun verðbólgu og hækkun stýrivaxta Seðlabankans á nýjan leik hafi sett mark sitt á árið 2011 sem hafi m.a. komið fram í lækkun á kröfu verðtryggðra ríkisskuldabréfa og hækkun á ávöxtunarkröfu óverðtryggðra ríkisbréfa. Davíð segir framvindu gjaldeyrishafna og gengi krónunnar vera mestu óvissuþættina sem íslenska hagkerfið standi frammi fyrir í dag og þar með lífeyrissjóðirnir í fjárfestingum sínum og stýringu eigna. Innlend hlutabréf sjóðsins gáfu vel á árinu 2011 eða 11,6% nafnávöxtun. Úrvalsvísitalan lækkaði þó um 2,6% en það voru bréf í Marel og Högum sem höfðu þar hvað mest að segja fyrir sjóðinn. Einnig var útkoma óskráða safns sjóðsins ágæt á árinu 2011 en vægi innlendra hlutbréfa sjóðsins jókst þó nokkuð vegna kaupa á óskráðum bréfum. Erlendir markaðir skiluðu viðunandi arðsemi á árinu þar sem erlendir framtakssjóðir og fasteignasjóðir höfðu þar mest að segja en einnig kom þar til hækkunar veiking krónunnar á árinu. Davíð sýndi myndrænt þróun gengis krónunnar ásamt þróun verðbólgu og stýrivaxta.

Davíð gerði því næst grein fyrir fjárfestingum ársins 2011 sundurliðað eftir eignaflokkum. Nettó kaup á skuldabréfum voru 12,9 milljarðar og er þar stærsti hlutinn kaup á ríkisskuldabréfum. Sýnd var sundurliðun á innlendum og erlendum hlutabréfum og gerð grein fyrir upphæðum í einstökum eignaflokkum. Umtalsverð viðbót varð við innlenda hlutabréfasafnið eða um 8,3 milljarðar þar af voru skráð bréf fyrir 3,8 milljarða og óskráð fyrir 4,5 milljarða. Davíð fór því næst yfir verðbréfaeignina í lok árs 2011 en stærstu eignaflokkarnir eru annars vegar ríkistryggð skuldabréf 46,4% og hins vegar erlend hlutabréf og framtakssjóðir sem eru 21,6% safnsins. Fjölgun fjárfestingarkosta er því stöðugt að verða mikilvægari til að ná markmiðum varðandi ávöxtun sjóðsins. Sýnd var mynd af þróun eignasafnsins frá 2005.

Í lokin gerði Davíð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins en hún er gerð með það að markmiði að ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best bjóðast á hverjum tíma að teknu tilliti til áhættu. Fjárfestingarkostir hafa verið frekar takmarkaðir undanfarin ár og hefur það ásamt hægfarendurreisn innlenda hlutabréfamarkaðarins og hömlur á fjárfestingum erlendis sett mark sitt á stefnuna, m.a. þarfar á rýmri vikmörkum en ella. Í fjárfestingastefnunni fyrir árið 2012 er lögð áhersla á aukið vægi innlendra hlutabréfa og skuldabréfa fyrirtækja og sveitarfélaga en dregið úr vægi ríkisskuldabréfa, innlána og vogunarsjóða. Davíð sýndi yfirlit yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2012 og benti á hana í skýrslunni á bls. 20. Davíð fór því næst yfir fjárfestingarstefnu séreignardeildarinnar en hún er sem fyrr óbreytt frá fyrra ári.

6. Tryggingafræðileg úttekt

Vigfús Ásgeirsson tryggingastærðfræðingur

Vigfús gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt á sjóðnum miðað við árslok 2011. Í upphafi máls síns gerði Vigfús grein fyrir hvað fælist í tryggingafræðilegri úttekt og sagði sitt hlutverk vera að kanna gjaldhæfi sjóðsins með tilliti til laga um starfsemi lífeyrissjóða og skyldutrygginu lífeyrisréttinda. Tryggingafræðingur reiknar út getu sjóðsins til að standa við skuldbindingar samkvæmt réttindabókhaldi. Hann reiknar út hvað sjóðurinn þarf að eiga miklar eignir út frá gefnum forsendum um ávöxtun, lífslíkur og örorkulíkur, til þess að geta greitt þann lífeyri sem skráður er í réttindabókhaldi sjóðsins.

Útreikningar Vigfúsar sýndu að áfallnar skuldbindingar í árslok 2011 voru 290.640 milljónir en eignastaðan er 275.126 milljónir þannig að það er halli upp á 15,5 milljarða eða -5,3% sem er nokkuð betri staða en árið 2010 en þá var hallinn -9,5%. Heildarskuldbindingar umfram eignir eru -4,9%. Vigfús bendir á að það sé eðlilegt að Gildi sé með neikvæða framtíðarstöðu vegna blandaðrar innvinnslu réttinda þar sem sumir sjóðfélagar greiða inn réttindi sín óháð aldri en iðgjaldagreiðslur annarra eru aldurstengdar.

Ein helsta forsenda útreikninganna er 3,5% raunávöxtun, sem sjóðurinn náði ekki á árinu. Einnig eru skoðuð iðgjöld sem greidd voru á árinu 2011 en reiknað er með að þessir sjóðfélagar greiði

áfram til 67 ára aldurs. Annars vegar eru reiknuð verðmæti iðgjaldanna sem þeir munu greiða og hins vegar verðmæti þeirra lífeyrisréttinda sem þeir fá fyrir þessi iðgjöld.

Vigfús gerði einnig skil örorkuframlagi ríkisins til lífeyrissjóða og gat þess að örorkubyrði Gildis væri með því hæsta sem þekktist hjá lífeyrissjóðum. Örorkuframlagið til Gildis á síðast ári nam 880 milljónum króna.

7. Störf endurskoðunarnefndar

Sigurður Þórðarson formaður endurskoðunarnefndar

Sigurður gerði grein fyrir störfum nefndarinnar á árinu og sagði að í nefndinni sætu sömu aðilar og árið áður, Heiðrún Jónsdóttir, Hólmgeir Jónsson og Sigurður Þórðarson. Nefndin er skipuð af stjórn sjóðsins til að sinna tilteknum verkefnum á ábyrgðarsviði stjórnar í samræmi við lög um ársreikninga frá 2008.

Aðalhlutverk endurskoðunarnefndarinnar er:

- Mat á eftirlitsumhverfi lífeyrissjóðsins og fyrirkomulagi áhættustýringar.
- Greining á virkni innri endurskoðunar, eftirlit með framkvæmd endurskoðunar og gerð tillögu um val á ytri endurskoðanda ásamt mati á óhæði endurskoðanda.
- Tryggja fylgni við gildandi lög og reglur.

Þá á nefndin einnig að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila og auka þannig traust og öryggi á fjárhagslegum upplýsingum sjóðsins. Á starfstímanum frá maí 2011 til apríl 2012 hefur nefndin haldið 12 fundi og voru helstu viðfangsefni á árinu að meta innra eftirlit og áhættustýringu hjá sjóðnum, að fylgjast með störfum ytri og innri endurskoðenda og leggja mat á störf þeirra og skýrslur. Tímaáætlanir ytri og innri endurskoðenda hafa staðist bæði hjá endurskoðendum og starfsmönnum sjóðsins og gat Sigurður þess að skýrsla innri endurskoðanda væri ítarlegri en áður sem gæfi nefndinni betri möguleika að fylgja eftir innra eftirliti hjá sjóðnum.

Fjármálaeftirlitið birti í júní 2011 drög að leiðbeinandi tilmælum um skipan og störf endurskoðunarnefnda eftirlitsskyldra aðila. Segir Sigurður þessi drög samræmast erindisbréfi endurskoðunarnefndar Gildis í stórum dráttum. Eitt af aðalverkefnum nefndarinnar síðustu tvö árin hefur verið að leggja mat á eftirlitsumhverfi og áhættustýringu sjóðsins og fylgja eftir þeirri áhættustefnu sem sjóðurinn hefur sett sér. Nefndin telur að vel hafi tekist til en einhverjum ferlamálum sé þó ólokið sem leggja þurfi áherslu á að klára á árinu 2012. Það er mat nefndarinnar að sú vinna starfsmanna sjóðsins er varðar þetta verkefni sé til fyrirmyndar og þau drög sem kynnt hafa verið nefndinni að áhættustefnu eignastýringar séu efnismikil og fagleg. Það sem eftir stendur við innleiðingu áhættustýringunnar er að það verklag sem drögin segja til um verði að veruleika í daglegri afgreiðslu sjóðsins við fjárfestingarákvarðanir. Nefndin telur að þegar áhættumatið verði komið í fulla framkvæmd í daglegri eignastýringu og umsýslu sjóðsins muni öll vinna og gæði ákvarðana um fjárfestingar batna og verða gegnsærri. Nefndin telur einnig að Gildi sé í fararbroddi meðal lífeyrissjóða að endurmeta og bæta verklag við fjárfestingarákvarðanir með hinu nýja áhættumati.

Sigurður vék því næst að skýrslu Úttektarnefndar lífeyrissjóða og sagði að þar hafi verið áætlað að tap lífeyrissjóðanna af völdum hrunsins hafi verið um 400 milljarðar króna og helmingurinn af því tapi hafi tengst bönkunum.

Sigurður gerði að umtalsefni hvernig þeir sem réðu ferðinni hjá bönkunum gátu misvísað öllum þeim sem áttu að fylgjast með starfsemi þeirra, þannig að enginn þessara aðila gerði sér grein fyrir hvað raunverulega var að gerast innan veggja bankanna. Umræðan innanlands beindist eingöngu að því hvað bankakerfið stækkaði mikið og ört. Svo til ekkert var fjallað um að háttsemi bankanna gæti mögulega verið áhættusöm. Það sem einkum olli mönnum áhyggjum var hvernig ætti að fjármagna aukinn vöxt bankanna. Ekkert var hugað að því hvort sá fjáraustur, m.a. til hinna svokölluðu útrásavíkinga í uppkaupum „á alheiminum, hafi átt rétt á sér. Erlendir aðilar vissu ekki

hvaðan á sig stóð veðrið þegar okkar víkingar mættu á staðinn með fulla vasa af peningum í stað sverða og axa hér á árum áður.

Sigurður nefndi einnig að það hefði vakið athygli hans að ráðandi öfl innan bankanna gátu treyst á þagmælsku þeirra starfsmanna bankanna sem tóku þátt með þeim í vafasömum viðskiptaákvörðunum. Þessir starfsmenn vissu að hefðbundnar innri reglur bankanna voru í mörgum tilvikum ekki virtar við afgreiðslu mála. Ekki vantaði að bankarnir settu á fót ýmis eftirlitskerfi til að tryggja gæði starfseminnar, m.a. gæði útlána. Miklu rými var í ársreikningum bankanna varið til að lýsa þessum kerfum. Settar voru upp ýmsar nefndir, deildir til að annast áhættustýringu, lánanefndir, innra eftirlit og regluverðir. Ráðið var vel menntað fólk með langa skólagöngu bæði hér og erlendis til að sinna þessum verkefnum en þetta fólk hafði ekki að sama skapi langa starfsreynslu. Hér hafi verið á ferðinni ótrúlegur lygavefur sem virðist að engin hafa séð við.

Meginhlutverk stjórnar og starfsmanna lífeyrissjóða er að varðveita og ávaxta greidd iðgjöld til greiðslu lífeyris. Sigurður segir að þrátt fyrir að sjóðirnir fylgi lögum og reglum og séu eftirlitsskyldir aðilar gagnvart Fjármálaeftirlitinu hafi á árunum fyrir hrun vantað betri áhættustýringu, tæki og verklag til að stýra eignum sjóðanna. Sigurður telur að lífeyrissjóðirnir hafi treyst of mikið á að fjárfestingarstefnan hafi dugað til að stýra áhættu sjóðanna og að vikmörk á stefnunni hafi verið of rúm. Einnig að skort hafi þekkingu á áhættumati og sjóðirnir því háðir mati frá ytri aðilum varðandi fjárfestingar. Þá telur Sigurður að skort hafi á eftirlit bæði hjá endurskoðendum og Fjármálaeftirlitinu.

Sigurður sagði að lokum að stjórn og starfsmenn sjóðsins hafi markvisst unnið að því frá hrúni að bæta allt innra eftirlitsumhverfi og eignastýringu sjóðsins meðal annars með ráðningu fleiri starfsmanna á þessu sviði. Að mati endurskoðunarnefndarinnar samræmist það ferli sem sjóðurinn hefur nú komið á fót þeim fyrirmælum sem opinberir aðilar hafa lagt upp með varðandi áhættustýringu og verklag fyrir lífeyrissjóðina í landinu.

Magnús Norðdahl fundarstjóri opnaði nú mælendaskrá en lagði til að fundarmenn kæmu með beinar spurningar varðandi þau mál sem þegar hafi verið fjallað um en síðan yrðu almennar umræður undir liðnum önnur mál. Var þessi tillaga fundarstjóra borin formlega undir fundarmenn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu mótaskvæði.

Til máls tók **Örn Pálsson**

Örn bar fram eftirfarandi fyrirspurnir:

- Hvað felst í fjárfestingakostnaði og öðrum kostnaði í tryggingafræðilegri stöðu bls. 13?
- Raunstýrivextir og ávöxtunarkrafa íbúðabréfa bls. 15. Hvers vegna mínus og hvenær keypti sjóðurinn í flokki HFF 1509 14?
- Fá sundurliðun á ávöxtun innlendra og erlendra hlutabréfa í skráðum og óskráðum félögum bls. 23.
- Hvað greiddi Gildi fyrir viðskiptin í Högum? Hvað var greitt fyrir hlutinn í Búvöllum og hvert var eigið fé Búvalla þegar Gildi keypti í félaginu?
- Víkjandi lán Glitnis. Hvenær var gefin út stefna og á hvern? Hver er lögmaður Gildis í málinu og hvenær má búast við að dómur falli? Hvers vegna var ekki höfðað mál á Kaupþing og Landsbankann vegna víkjandi lána?
- Uppgjör á afleiðusamningum. Á hvaða gengi var gert upp? Hve há var varúðarfærslan? Hvert var endanlegt tap við Landsbankann? Hvert er endanlegt tap skv. samkomulagi við Glitni?
- Skuldfærsla í ársreikningi vegna samninga við Glitni og Kaupþing. Er 2.912 milljóna skuldfærsla inni í reikningunum?
- Niðurfærsla verðbréfa bls.55. Óskar eftir sundurliðun á 1.267 milljónum.
- Endanlega afskrifað 982 milljónir. Hvaða möguleikar eru að fá þetta innheimt?

- Endanlega tapaðar kröfur vegna verðbréfa 24,3 milljarðar. Er eitthvað meira í pípunum?
- Óskar eftir skýringu á liðnum umsjónaranevnd eftirlauna.
- Óskar eftir nánari skýringu á skýringarlið 17 á bls. 50.
- Rekstrarkostnaður bls. 51. Hverjir eru þrír stærstu liðir þessa kostnaðar?
- Spyr formann stjórnar hvers vegna ekki liggja fyrir tillaga á þessum ársfundi um að auka lýðræði í sjóðnum.

Til máls tók **Jóhann Páll Símonarson**.

Jóhann spurði formanninn um misræmi í launaupplýsingum í skýrslunni vegna framkvæmdastjóra. Einnig spurðist Jóhann fyrir um hvers vegna fundargerð síðasta ársfundar liggur ekki frammi í gögnum fundarins. Þá telur Jóhann ársreikning Gildis vera óvandaðan og spurði hvers vegna Bakkavör væri ekki í reikningnum. Að lokum spurði Jóhann hvað við fengum til baka frá Seðlabankanum.

Til máls tók **Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri**

Árni óskaði eftir því að fá að svara Erni Pálssyni skriflega vegna mikils umfangs spurninga hans og samþykkti Örn það. Árni benti Erni einnig á að betra væri að senda slíkan spurningalista fyrirfram fyrir fundi þannig að hægt væri að taka listann inn í dagskrá fundarins.

Til máls tók **Vilhjálmur Egilsson stjórnarformaður**

Vilhjálmur svaraði fyrirspurn Arnar Pálssonar varðandi það hvers vegna hafi ekki verið borin fram tillaga um að auka lýðræði í sjóðnum. Benti Vilhjálmur á að Gildi væri einn af kjarasamningasjóðunum sem settir voru af stað með kjarasamningum milli Samtaka atvinnulífsins og verkalýðsfélaganna. Sagði Vilhjálmur að það væri á þeim vettvangi sem ræða þyrfti hvort breyta ætti samþykktum sjóðanna með einhverjum hætti til að verða við þeirri tillögu sem kom fram um aukið lýðræði í skýrslu Úttektarnefndarinnar. Vilhjálmur benti einnig á ný lög er varða jöfn kynjahlutföll í stjórnnum lífeyrissjóðanna og gat þess að þetta væri málefni sem ætti eftir að ræða nánar á vettvangi vinnuarkaðarins. Vilhjálmur sagði það geta reynst erfitt verk að auka lýðræði í sjóði eins og Gildi sem er með um 180 þúsund sjóðfélaga með réttindi í sjóðnum.

Vilhjálmur svaraði því næst spurningu Jóhanns Páls varðandi laun Árna Guðmundssonar. Sagði hann að gerð hafi verið villa í ársreikningi í fyrra er varðar bifreiðahlunnindi sem ekki voru talin inni í launum en það hafi verið leiðrétt í reikningi ársins 2011.

Til máls tók **Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri**

Árni svaraði fyrirspurn Jóhanns Páls Símonarsonar varðandi fundargerð síðasta fundar og sagði að ekki væri skylda að hafa hana í fundargögnum en það mætti endurskoða hvort hún eigi að vera með. Árni benti Jóhanni á að hann hafi sent honum fundargerð fundarins í fyrra þannig að hann eigi að eiga hana til. Varðandi fyrirspurn Jóhanns Páls um ársskýrsluna sagðist Árni vera algjörleg ósammála því að hún væri léleg og benti á að ítarlegar skýringar hafi verið í þeim erindum sem haldin hafi verið hér á fundinum og útskýrði Árni meðhöndlun ákveðinna félaga s.s. Bakkavarar í skýrslunni.

Til máls tók **Árni Jón Konráðsson**

Árni Jón spurðist fyrir um hvers vegna greiðslur sem hann greiddi í sjóðinn árið 1980 hafi lækkað á milli árunna 1980 til 1981.

Fundarstjóri sagði þá fyrstu 7 dagskrárlíðum lokið og kynnti lið 8.

8. Skýrsla Úttektarnefndar Landssamtaka lífeyrissjóða Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri

Í upphafi máls síns gerði Árni grein fyrir hvernig Úttektarnefndin var skipuð en það var að beiðni Landssamtaka lífeyrissjóða á sínum tíma og var leitað til ríkissáttasemjara til að skipa nefndina. Í nefndinni sátu Hrafn Bragason fyrrverandi Hæstaréttardómari, Guðmundur Heiðar Frímansson prófessor og Héðinn Eyjólfsson viðskiptafræðingur. Verkefni nefndarinnar var að gera úttekt á fjárfestingarstefnu, ákvarðanatöku og lagalegu umhverfi lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins í október 2008 og segir Árni helstu niðurstöður nefndarinnar á heildina lítið eftirfarandi:

- Endurskoða þarf lífeyrissjóðalögin (og kerfið) í heild.
- Endurskoða tryggingafræðilegt mat til að tryggja meiri stöðugleika í lífeyrisréttindum.
- Endurskoða hlutverk og eftirlitsskyldu endurskoðenda lífeyrissjóða.
- Endurskoða þarf hvernig skipað er í stjórnir sjóðanna.
- Eftirlit Fjármálaeftirlitsins var veikt, en hefur verið eft.
- Mati á gæðum fjárfestinga, áhættuþáttum og eftirliti með þeim var ábótavant.
- Óvarlega var farið með gjaldmiðlavarnir.
- Veikir skilmálar skuldabréfa fyrirtækja.
- Of mikið fjárfest í tengdum fyrirtækjum .
- Óvarlega fjárfest í óhefðbundnum fjármálagerningum.

Árni velti því næst fyrir sér ýmsum spurningum tengdum fjárfestingum lífeyrissjóðanna s.s. hvort uppi hafi verið kröfur um að fjárfesta ekki í hlutabréfum og skuldabréfum fyrirtækja, hvort hægt hafi verið að fjárfesta án áhættu og eingöngu í „öruggum“ eignum Og hvort stjórnendur lífeyrissjóðanna hafi átt að sjá hrúnið fyrir.

Árni benti á nokkrar staðreyndir um ástandið á þessum tíma. Það var alþjóðleg fjármálakreppa og meðaltap lífeyrissjóða innan OECD var 23% sem er svipað og tap íslensku lífeyrissjóðanna en tap þeirra var 22%. Árni benti á að munurinn á þessum löndum og hjá okkur væri sá að hér fóru mörg félög og allar helstu fjármálastofnanir alveg á hliðina en annars staðar réttu mörg félög sig við aftur eftir hrúnið. Þá gerði laga og fjárfestingaumhverfi íslensku lífeyrissjóðanna þeim erfiðara fyrir að dreifa eignum sínum. Árni gerir athugasemd við það hvernig nefndin reiknaði út tap lífeyrissjóðanna og bendir á að aðeins hafi verið horft á þau bréf sem töpuðust og ekki tekið tillit til hækkunar sem varð í öðrum eignaflokkum né hækkunar eigna fyrir hrún.

Helstu niðurstöður úttektarinnar varðandi Gildi eru þær að reglur séu vel samhafðar og skýrar, að fjárfestingarstefnan sé skýr og skilmerkileg sem og siðareglur sjóðsins og ekkert bendi til annars en að stjórn sjóðsins hafi haft hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi við fjárfestingarákvarðanir. Hins vegar benti úttektarnefndin á að áhættustýringu hafi verið ábótavant og veikleiki verið í áhættudreifingu. Einnig gagnrýndi nefndin gjaldmiðlasamningana og benti á að fjárfestingastefnan hafi verið með rúm vikið og of mikið fjárfest í tengdum aðilum. Þessi atriði eru ekki einskorðuð við Gildi en niðurstaðan er sambærileg hjá öðrum sjóðum.

Árni fór því næst yfir þær breytingar sem hafa átt sér stað eftir hrúnið. Allt regluverk sjóðsins hefur verið yfirfarið og eigna- og áhættustýringin eflað þannig að eignastýringin er nú öflugri við að greina sjálf fjárfestingakosti og gerir ríkari kröfur um tryggingar og skilmála. Endurskoðunarnefndin hefur unnið mikið og gott starf og innri endurskoðun er mun markvissari ásamt því að fjármálaeftirlitið hefur styrkst. Árni benti að lokum á að fátt nýtt hafi komið fram í skýrslu Úttektarnefndar varðandi tap sjóðsins sem ekki hefur þegar verið gert grein fyrir í ársskýrslum, á ársfundum og sjóðfélagafundum.

9. Tillögur stjórnar til breytinga á samþykktum.

Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri gerði grein fyrir tillögum ásamt greinargerð sem stjórnin leggur fram til breytinga á samþykktum. Þessar tillögur hafa verið sendar öllum aðildarfélögum sjóðsins með tilskildum fyrirvara og hafa verið á heimasíðu sjóðsins til kynningar í rúmlega tvær vikur fyrir ársfund.

Tillögurnar ásamt greinargerð voru svohljóðandi:

1. Við gr. 4.5. bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins skal árlega skipa þriggja manna endurskoðunarnefnd sem hafi m.a. eftirlit með reikningshaldi, áhættustýringu og gerð ársreiknings sjóðsins í samræmi við ákvæði IX. kafla um ársreikninga nr. 3/2006.

2. Gr. 9.1. orðist þannig (nýr málslíður er auðkenndur með rauðu, það sem fellur út er yfirstrikað):

Iðgjald til samtryggingardeildar lífeyrissjóðsins skal vera skv. kjara- eða ráðningarsamningi, ekki lægra en 12% ~~og ekki hærra en 15,5%~~ af launatekjum sjóðfélaga 16 til 70 ára, sem tilgreind eru í greinum 9.2. eða 9.3., og mynda þau rétt til samtryggingarverndar samkvæmt ákvæðum samþykpta sjóðsins. **Hámark iðgjaldshlutfalls sem greitt verður af til samtryggingardeildar lífeyrissjóðsins skal vera jafnhátt því sem hæst er um samið í kjarasamningi aðildarsamtaka sjóðsins.** Sjóðfélaga er heimilt að hækka eða lækka iðgjald til samtryggingarverndar frá því sem kjara- eða ráðningarsamningur segir til um innan ofangreindra marka enda sé gerður um það sérstakur skriflegur samningur á milli sjóðfélaga og lífeyrissjóðsins. Lífeyrissjóðurinn setur og gefur út skilmála um slíkan samning. ~~[Ákvæði til bráðabirgða: Lágmarksiðgjald skal þó vera 11% til 31.12.2006]~~

3. Við heiti 12. kafla bætist orðið „Endurhæfingar-“, og verður heiti kaflans því: „Endurhæfingar- og örorkulífeyrir.“

4. Við 12. kafla bætist ný grein er verði númer 12.10. Greinin orðist þannig:

Við mat á umsókn um örorkulífeyri skal horft til þess hvernig styðja megi sjóðfélagann til endurhæfingar þannig að hann öðlist á ný færni til að sinna tekjuskapandi viðfangefnum í samræmi við starfsgetu sína og hæfni. Skal trúnaðarlæknir sjóðsins, eða eftir atvikum annar sérfróður þjónustuaðili sem sjóðurinn velur, leggja mat á það hvort líklegt sé að skipulögð starfsendurhæfing muni skila árangri og þá gera áætlun um endurhæfinguna og umfang hennar. Skal sjóðurinn þá ákveða umsækjanda endurhæfingarlífeyri, jafnháan þeim örorkulífeyri sem hann á rétt á eftir ákvæðum þessa kafla samþykpta sjóðsins. Sé endurhæfingarlífeyrir úrskurðaður skal hann ákveðinn fyrir minnst sex mánuði í senn og í allt að þrjú ár samfellt hafi endurhæfing ekki borið tilætlaðan árangur fyrr. Ef sérstaklega stendur á er heimilt að framlengja tímabil endurhæfingar allt að tveimur árum, telji sjóðurinn að fengnu álitu trúnaðarlæknis að enn sé framfara að vænta við áframhaldandi endurhæfingu. Launatekjur sjóðfélaga sem þátt tekur í starfsendurhæfingu skerða ekki endurhæfingarlífeyri sem úrskurðaður hefur verið, enda séu heildartekjur hans á tímabili endurhæfingar ekki umfram tapaðar tekjur sbr. gr. 12.3. Endurmat á orkutapi skal fara fram eftir því sem árangur af endurhæfingu gefur tilefni til. Telji sjóðurinn að fengnu álitu trúnaðarlæknis sjóðsins að þess sé ekki að vænta að orkutap sjóðfélaga gangi svo til baka að hann fái öðlast starfsgetu á ný, að hluta eða öllu, skal úrskurða örorkulífeyri í stað endurhæfingarlífeyris.

Synji sjóðfélagi þátttöku í endurhæfingu eða sinni henni ekki með fullnægjandi hætti getur sjóðurinn fellt niður greiðslur endurhæfingarlífeyris skv. ákvæði þessu. Örorkulífeyrir verður

Því aðeins úrskurðaður að endurhæfing sé ekki líkleg til að skila aukinni starfsgetu að mati trúnaðarlæknis sjóðsins.

5. Núverandi grein 12.10 verður 12.11 og grein 12.11 verður 12.12.

Greinargerð:

1. Með breytingu á lögum um ársreikninga sem tóku gildi 1. janúar 2009 skal hjá sjóðnum starfa endurskoðunarnefnd sem stjórn sjóðsins skipar. Endurskoðunarnefnd var fyrst skipuð hjá Gildi eftir ársfund í apríl 2009 og hefur verið skipuð árlega síðan eins og lög mæla fyrir um. Í grein 4.5 í samþykktum sjóðsins er fjallað um helstu verkefni og skyldur stjórnar. Rétt þykir að bæta við þá grein ákvæði þar sem fram kemur að stjórn sjóðsins skuli skipa endurskoðunarnefnd í samræmi við lög um ársreikninga.
2. Í samþykktum sjóðsins hefur iðgjald til samtryggingardeildar jafnan verið skilgreint með hliðsjón af því sem um hefur verið samið í kjarasamningum. Hefur lágmarksiðgjald verið skilgreint sem 12% af launum en hámarksiðgjald hefur verið ákveðið 15,5%. Dæmi mun um að aðildarsamtök sjóðsins hafi í kjarasamningi samið um hærra iðgjald og þykir því rétt að fella út skilgreint hámark og láta það þess í stað ákvarðast af því sem hæst er umsamið í kjarasamningi sem eitt eða fleiri af aðildarsamtökum sjóðsins eiga aðild að á hverjum tíma. Nauðsynlegt þykir að halda inni ákvæði um hámarksiðgjald til samtryggingardeilda vegna þeirra sem semja um iðgjaldsgreiðslur í ráðningarsamningi m.a. með hliðsjón af áhrifum iðgjaldsgreiðslna á framreikning réttinda til örorku- og makalífeyris. Þá er lagt til að fellt sé úr samþykktum ákvæði til bráðabirgða um lágmark iðgjaldagreiðslna fram til ársloka 2006. Ákvæðið hefur ekki lengur þýðingu.
3. og 4. Missir starfsgetu og hæfni til að taka þátt í tekjuskapandi viðfangsefnum hefur víðtæk áhrif á líf og lífsgæði þess sem fyrir verður. Því fylgir mikil röskun á félagslegri stöðu og högum ásamt skerðingu á tekjum og möguleikum á að breyta aðstæðum sínum með framgangi í störfum. Þótt tryggingar, þ.m.t. þær sem felast í rétti til örorkulífeyris úr lífeyrissjóði, séu til þess fallnar að draga úr harkalegstu fjárhagslegu áhrifunum af missi starfsorku, þá blasir við að endurheimt starfsorku er einstaklingnum mikilvægust til að bæta stöðu hans í bráð og lengd.

Hluttur örorkulífeyris af heildarlífeyrisgreiðslum Gildis-lífeyrissjóðs hefur alla tíð verið mjög hár. Á síðustu 5 árum hefur þetta hlutfall verið um og yfir 30%. Þessi háí örorkulífeyrir skerðir að sama skapi getu sjóðsins til greiðslu ellilífeyris. Allir sjóðfélagar hafa því ríka hagsmuni af því að vel takist til um endurhæfingu þeirra sjóðfélaga sem verða fyrir missi starfsorku. Reynslan sýnir að því fyrr sem tekið er til við endurhæfingu eftir missi starfsorku þeim mun líklegra er að marktækur árangur náist. Aðildarsamtök vinnumarkaðarins hafa tekið forystu um aukinn viðbúnað til að styrkja endurhæfingarúræði. Í tengslum við gerð kjarasamninga á árinu 2008 náðist samkomulag um stofnun sjálfseignarstofnunar um starfsendurhæfingu, VIRK starfsendurhæfingarsjóð, sem fjármagnaður er með launatengdu gjaldi atvinnurekenda sem svarar til 0,13% af öllum launum, jafn háu framlagi ríkissjóðs og loks sama hlutfallslega framlagi frá lífeyrissjóðum. Er miðað við að VIRK taki yfir þann kostnað af endurhæfingarþjónustu sem lífeyrissjóðirnir höfðu stofnað til með þátttöku í skipulegri starfsemi af þeim toga. Um greiðslur og innheimtur iðgjalda til starfsendurhæfingarsjóðs fer skv. lögum nr. 73/2011.

Með hliðsjón af þeirri auknu áherslu á skipulega starfsendurhæfingu sem ofangreind fjárframlög til VIRK starfsendurhæfingarsjóðs vitna um og til að reglur sjóðsins um bótarétt við missi starfsorku endurspegli þá áherslu að sem flestir fái með skipulagðri starfsendurhæfingu endurheimt starfsorku sína þykir rétt að taka inn sérstakt ákvæði hér um í samþykktir lífeyrissjóðsins.

Tillögregreinin miðar við að festa í sessi tímabil endurhæfingar sem að jafnaði komi til áður en örorkulífeyrir er úrskurðaður. Er miðað við að sjóðfélagi fái endurhæfingarlífeyri sem sé jafnhár þeim örorkulífeyri sem sjóðfélaginn á rétt á skv. ákvæðum samþykktanna. Sjóðurinn mun nýta sér þjónustu VIRK starfsendurhæfingar, en hugsanlegt er að fleiri aðilar komi hér að, svo ekki þykir tækt að binda í samþykktir sjóðsins samstarf við þann aðila einan. Ætlunin er sú að úrskurður um greiðslu endurhæfingarlífeyris taki mið af áætlunum um framvindu endurhæfingar. Miðað við fyrirbyggjandi reynslu þykir líklegt að í kjölfar umsóknar um lífeyri skv. 12. kafla samþykktanna verði gerð frumáætlun um endurhæfingu umsækjandans og honum ákvarðaður endurhæfingarlífeyri fyrir 6 til 12 mánuði. Í lok þess tímabils verði árangur metinn og sé enn framfara að vænta verði tímabil endurhæfingar framlengt, mögulega oftar en einu sinni þannig að það geti orðið allt að 3 ár. Í einstaka tilvikum, ef sérstaklega stendur á og trúnaðarlæknir álitur enn vera framfara að vænta, verði mögulegt að framlengja þetta tímabil um allt að tvö ár til viðbótar. Leggja verður áherslu á virka þátttöku sjóðfélaga í skipulagðri endurhæfingu og hefur sjóðurinn rétt til að fella niður greiðslur lífeyris ef sjóðfélaginn hafnar þátttöku í slíkri endurhæfingu eða sinnir henni ekki.

Í tillögregreininni er sérstaklega vikið að því að atvinnutekjur sem sjóðfélagi í skipulegri starfsendurhæfingu nýtur skerða ekki úrskurðaðan endurhæfingarlífeyri, þó að gættri grunnreglu gr. 12.3. um að bætur fari ekki umfram þau mörk að bæta tekjutap sem sjóðfélagi hefur orðið fyrir vegna missis starfsorku. Rétt þykir hins vegar að taka fram að útreikningur þessi miðast við tímabil starfsendurhæfingarinnar í heild en ekki einstök launatímabil. Er enda talið mikilvægt að sá sem sætir starfsendurhæfingu hafi ávinning af því að taka upp launað starf og sé ekki haldinn misskilningi um það, að hann kunni með einhverjum hætti að standa fjárhagslega lakar að vígi fyrir þær sakir.

Endurmat á orkutapi og starfshæfni fer fram eftir því sem endurhæfingu miðar áfram og þegar markmiði um endurheimta starfshæfni er náð lýkur jafnframt greiðslutímabili lífeyrissjóðsins.

Ætlað er að í langflestum tilvikum sé líklegt að skipulögð endurhæfing geti skilað árangri, en í einstaka tilvikum kunna þær horfur að vera mjög takmarkaðar. Getur þá trúnaðarlæknir sjóðsins ákveðið að ekki skuli gera þátttöku í endurhæfingu að skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris. Þegar fyrir liggur að endurhæfing skili ekki frekar árangri fer fram endanlegt mat á missi starfsorku sjóðfélagsins og sé orkutap enn slíkt að sjóðfélagi fullnægi skilyrðum 12 kafla fyrir greiðslu örorkulífeyris skal úrskurða þar um eftir reglum samþykktanna.

5 Þarfnast ekki skýringar.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður um breytingar á samþykktum sjóðsins. Þar sem enginn óskaði eftir að taka til máls gekk fundarstjóri til atkvæðagreiðslu.

Tillaga nr. 1 Viðbót við grein nr. 4.5.	Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
Tillaga nr. 2 Breyting á grein 9.1.	Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
Tillaga nr. 3 Breyting á heiti 12. kafla	Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
Tillaga nr. 4 Breyting vegna VIRK	Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

10. Kosning/skipan stjórnar.

Fundarstjóri benti á að eingöngu væri kosið um fulltrúa launafólks.

Tillaga kjörnefndar um fulltrúa aðildarsamtaka launamanna til tveggja ára:

Aðalmenn: Kolbeinn Gunnarsson
Konráð Alfreðsson

Varamenn: Sigurður A. Guðmundsson
Elínbjörg Magnúsdóttir

Fundarstjóri lýsti eftir fleiri tillögum um fulltrúa aðildarsamtaka launamanna. Ekki komu fram aðrar tillögur og lýsti fundarstjóri þessa aðila rétt kjörna.

Fundarstjóri gerði síðan grein fyrir skipan Samtaka atvinnulífsins í stjórn sjóðsins til tveggja ára:

Aðalmenn: Heiðrún Jónsdóttir
Ragnhildur Geirsdóttir

Varamenn: Guðmundur Ásgeirsson
Vilhjálmur Egilsson

11. Ákvörðun um laun stjórnar.

Fundarstjóri kynnti tillögu um laun stjórnarmanna og óskaði eftir að Vilhjálmur Egilsson gerði grein fyrir tillögunni.

Til máls tók **Vilhjálmur Egilsson**

Vilhjálmur kynnti tillögu um laun stjórnarmanna og sagði að með þessari hækkun væri verið að taka til baka þá launalækkun sem stjórnarmenn hafi tekið á sig síðustu tvö ár þannig að launin verði eins og þau voru áður en þau voru lækkuð.

Mánaðarlaun aðalmanns verði kr. 75.000.-, laun formanns verði tvöföld eða kr. 150.000.- og laun varaformanns verði kr. 112.500.-. Ef varamaður tekur sæti aðalmanns í stjórn greiðast kr. 37.500.- fyrir hvern setinn stjórnarfund. Ef stjórnarfundir verða fleiri en 4 í hverjum ársfjórðungi skal greiða aukalega fyrir hvern setinn fund umfram 4 og skal greiðslan fyrir þá fundi vera sú sama og varamenn fá greitt fyrir hvern setinn fund.

Fundarstjóri opnaði umræðu um tillöguna. Enginn óskaði eftir að tjá sig um tillöguna þannig að fundarstjóri lagði hana fram til atkvæðagreiðslu og var hún samþykkt samhljóða.

12. Kjör endurskoðanda.

Fundarstjóri kynnti tillögu um að KPMG Endurskoðun hf. verði endurskoðandi Gildis og opnaði fyrir umræðu um tillöguna.

Til máls tók **Örn Pálsson**

Örn taldi óæskilegt að vera með sama endurskoðunarfyrtækið ár eftir ár og lagði til að skipt yrði um endurskoðanda og lagði fram tillögu um Ernst og Young í stað KPMG.

Fundarstjóri gekk því næst til atkvæðagreiðslu.

Tillaga um KPMG sem endurskoðanda var samþykkt með þorra atkvæða gegn fimm.

13. Önnur mál

Fundarstjóri kynnti síðasta lið á dagskrá og opnaði fyrir umræður.

Til máls tók **Eiríkur Stefánsson**

Eiríkur ræddi um verðtryggingu lána og sagðist undrast það að forystumenn verkalýðshreyfingarinnar væru meðmæltir slíkum lánum sem hann telur ólögleg og segir virta hagfæðinga tala um að eigi að afnema hana. Eiríkur segir tannhjól verðtryggingarinnar mesta bölg þjóðarinnar og nefndi að heimili unga fólksins í landinu væri ein rjúkandi rúst vegna verðtryggingarinnar og margir væru þar af leiðandi á flótta úr landinu. Eiríkur vitnaði í lög um neytendalán og vildi meina að það væri bannað að veita verðtryggð lán. Eiríkur beindi orðum sínum til nýrra stjórnarmanna og óskaði eftir að barist verði fyrir því að afnema verðtryggingu á lán til heimilanna.

Til máls tók **Jóhann Páll Símonarson**

Jóhann Páll bað Árna Guðmundsson framkvæmdastjóra afsökunar á að hafa farið með rangt mál á síðasta ársfundi en þar sagði Jóhann Páll að Árni hafi verið yfirheyrður af sérstökum saksóknara sem var ekki rétt og óskaði Jóhann Páll eftir að þessi afsökunarbeiðni verði færð til bókar. Jóhann Páll vitnaði því næst í spurningar sem hann lagði fram á síðasta ársfundi og segist ítrekað hafa óskað eftir svörum og þegar hann hafi síðan fengið svar hafi ekkert staðið í því svári. Jóhann segir þetta stangast á við það sem kemur fram í úttektarskýrslunni þar sem komi fram að samband sjóðsins við sjóðfélaga eigi að vera beint og milliliðalaust. Jóhanni finnst það miður að fulltrúar verkalýðsfélaganna hafi einir kosningarétt á fundinum en hinn almenni sjóðfélagi í Gildi hafi ekkert til málanna að leggja. Jóhann vék því næst að ársskýrslu Gildis og segir að ekki sé nægjanlegt gegnsæi í skýrslunni og lagði til að í næstu ársskýrslu verði gegnsæi uppi á borðum líkt og gert er í ársskýrslu Lífeyrissjóðs bænda en þeirri skýrslu hrósaði Jóhann mikið.

Jóhann vék því næst að tapi sjóðsins sem hann telur mjög slæmt mál og þrátt fyrir að vera innan 5% reglunnar telur Jóhann að rétt væri að skerða lífeyrinn í ljósi aðstæðna þar sem hann sér ekki ástandið batna í bráð. Jóhann kom því næst inn á kostnaðarliði sjóðsins svo sem laun framkvæmdastjórans og rakti þróun rekstrarkostnaðar sjóðsins frá árinu 2008 og sagði hækkinguna síðustu fjögur ár vera 116 milljónir. Hann varpaði fram spurningu til stjórnarinnar hvort ekki sé stefnt að því að draga úr þessum kostnaði. Þá lagði Jóhann Páll til að framkvæmdastjórinn segi af sér á grundvelli þess að framkvæmdastjóri og sjóðstjóri hafi haft of víðtækt vald til að fjárfesta upp að vissu marki án þess að fá heimild frá formanni og varaformanni. Jóhann Páll vitnaði því næst í skýrslu úttektarnefndarinnar varðandi störf stjórnar, fjárfestingar, fjárfestingarstefnu og fleira og sagðist vonast til að búið sé að laga ýmislegt sem þar komi fram. Að lokum sagðist Jóhann Páll sjá að ágætt innstreymi sé í sjóðinn og hann virðist vera á réttri leið en það verði þó að taka á hallanum.

Til máls tók **Örn Pálsson**

Örn hóf mál sitt á að átelja fundarstjóra fyrir að opna mælendaskrána ekki fyrr en í síðasta lið fundarins þar sem margir fundarmenn væru nú farnir af fundinum og þætti honum það miður.

Örn þakkaði því næst starfsfólki Gildis fyrir gott starf á síðasta ári. Örn vék því næst að upplýsingum til sjóðfélaga og sagði það árlegan viðburð að halda einn fund á ári með fulltrúaráði sjóðsins. Taldi Örn þetta vera gott mál en benti á að auglýsa þurfi fundina með góðum fyrirvara og upplýsa tímanlega á heimasíðu sjóðsins dagskrá fundar og staðsetningu og mikilvægt sé að öllum aðildarfélögum sé boðin þátttaka á þessum fundum.

Örn gagnrýndi ráðningu nýs framkvæmdastjóra Framtakssjóðs Íslands og benti á að Gildi eigi 10,4% í Framtakssjóðnum og sjóðurinn verði að njóta trausts þeirra sem tengjast honum og því hafi átt að vanda val framkvæmdastjórans. Örn lagði til að framkvæmdastjóra Gildis verði falið að leita eftir stuðningi stjórnar um að samið verði um starfslok við Brynjólf og staðan auglýst á nýjan leik. Telur Örn að traust til Framtakssjóðsins verði betur upp byggt með nýjum manni í brúnni.

Örn vék því næst að ársskýrslu sjóðsins sem hann telur vel unna en bendir á að línurit á bls. 14 og 15 hefðu mátt vera skýrari og sleppa hefði mátt einstökum atriðum í skýrslunni. Örn vill að við hættum að bíða eftir að gjaldeyrishöftum verði aflétt því hann telur að þau séu ekki á förum næstu árin. Hann vill að við höldum vörð um eignir okkar erlendis en nýtum kraft okkar hér innanlands. Örn bendir á að aðeins rúm 4% af heildareignum Gildis eru lán til sjóðfélaga og finnst þetta mjög lágt hlutfall. Þarna telur hann að tækifærin liggi fyrir Gildi og leggur til að stofnuð verði deild sem hafi það að markmiði að lána sjóðfélögum til húsnæðiskaupa bæði verðtryggð og óverðtryggð lán. Telur Örn að þetta muni efla samkeppni á íbúðalánamarkaðinum sem skili sér til sjóðfélaga og jafnvel megi skoða samstarf á milli lífeyrissjóðanna á þessu sviði. Örn vísaði þessari hugmynd til stjórnarinnar með þeim skilaboðum að hefjast strax handa!

Örn vék að vogunarsjóðunum sem hann segist alltaf hafa talið ólöglega og þeir séu að skila sjóðnum slæmri afkomu. Örn segist einnig lesa það úr skýrslu Úttektarnefndarinnar um starfsemi lífeyrissjóðanna að hún telji þetta ólöglega fjárfestingu og óskar hann eftir að Gildi losi sig við þessar fjárfestingar hið fyrsta.

Þá kom Örn að endurskoðunarnefndinni og óskaði eftir að Heiðrún Jónsdóttir víki úr nefndinni þar sem hún sé stjórnarmaður og hlutlaus aðili komi inn í stað hennar.

Örn velti því næst fyrir sér eignum í óskráðum félögum og velti fyrir sér heimildum sjóðsins til að fjárfesta í óskráðum félögum svo sem í Högum. Örn benti á mikilvægi þess að eiga menn í stjórnnum þeirra félaga sem sjóðurinn á stóra hluti í. Örn vitnaði í lög og reglugerðir í þessum hugleiðingum sínum um óskráð félög og einnig vitnaði hann í samskipta- og siðareglur sjóðsins.

Örn lauk máli sínu á umfjöllun um kosningu í stjórn sjóðsins og hverjir hafi atkvæðisrétt í sjóðnum og er hann mjög ósáttur hvernig þessu er háttað og vill að Gildi taki tillit til þeirra ábendinga sem koma fram í skýrslu Úttektarnefndarinnar varðandi þetta málefni.

Til máls tók **Ragnar Árnason**

Í upphafi máls síns kom Ragnar inn á umræður fundarmanna um að auka lýðræði í lífeyrissjóðum. Ragnar benti á að með prófi FME á stjórnarmönnum í lífeyrissjóðum sé verið að koma í veg fyrir lýðræði í stjórnnum sjóðanna þar sem þessi próf fæli menn frá þessum störfum. Ragnar lýsti því næst undrun sinni á hvað umræða sumra fundarmanna sem komið hafi upp í ræðupúlt hafi verið á lágu plani og benti á að menn ættu að vera málefnalegri í umræðu þegar þeir tjá sig á fundum.

Fundarstjóri lokaði mælendaskrá.

Til máls tók **Árni Jón Konráðsson**

Árni sagðist á sínum tíma hafa spurt Ingibjörgu Sólrúnu þáverandi utanríkisráðherra, um hvort ekki stæði til að fella niður verðtrygginguna. Þá hafði Ingibjörg svarað því til að það væri ekki hægt þar sem þá færu lífeyrissjóðirnir á hausinn.

Til máls tók **Eiríkur Stefánsson** og ítrekaði óánægju sína varðandi verðtryggingu lána.

Til máls tók **Árni Guðmundsson**

Árni svaraði tveimur spurningum. Sú fyrri snýr að ráðningu framkvæmdastjóra í Framtakssjóð Íslands. Árni gat þess að Gildi hafi ekkert með ráðningu framkvæmdastjórans að gera en það væri alfarið á höndum stjórnar Framtakssjóðsins að ráða sitt starfsfólk. Hitt svarið hjá Árna var við spurningu Arnar Pálssonar um hvort sjóðurinn hafi brotið lög með fjárfestingum í vogunarsjóðum. Árni segir svo alls ekki vera og sjóðurinn hafi undir höndum lögfræðiálit sem staðfesti það og mun Árni senda Erni Pálssyni þetta lögfræðiálit.

Til máls tók **Davíð Rúðólfsson**

Davíð svaraði fyrirspurn Arnar Pálssonar varðandi viðskipti sjóðsins við Búvelli. Davíð sagði það skýrt í lífeyrissjóðalögunum að lífeyrissjóðir hafi heimild til að eiga allt að 20% í óskráðum verðbréfum. Davíð tók fram að erfitt væri að átta sig á hvað Örn Pálsson væri að fara með umfjöllun sinni um kaup Gildis í Búvöllum. Þá benti hann á að Búvellir séu samlagshlutafélag og að því hafi þessi fjárfesting á sínum tíma fallið undir þá heimild, sem fjárfesting í óskráðum hlutabréfum.

Þar með var mælendaskrá tæmd og **fundarstjóri** þakkaði fyrir sig og gaf Vilhjálmi Egilssyni orðið til að slíta fundi.


Til máls tók **Vilhjálmur Egilsson**

Vilhjálmur þakkaði stjórnarmönnum fyrir samstarfið undanfarin ár, þakkaði einnig fundarmönnum fyrir góða fundarsetu og sleit fundi.

Fundi slitið kl. 21:05



Magnús Norðdahl fundarstjóri



Bjarney Sigurðardóttir fundarritari